

# Erindisbréf fyrir forsætisnefnd bæjarstjórnar Kópavogs

## I. kafli

### Skipan og umboð

#### 1. gr.

Forsætisnefnd bæjarstjórnar Kópavogs er kosin af bæjarstjórn Kópavogs á fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert.

#### 2. gr.

Forsætisnefnd bæjarstjórnar Kópavogs er skipuð þremur bæjarfulltrúum og jafnmörgum til vara. Nefndin er kosin í eitt ár í senn. Í nefndinni skulu sitja forseti og 1. og 2. varaforsetar bæjarstjórnar svo fremi sem 1. varaforseti sé kjörinn úr hópi minnihluta bæjarstjórnar. Að öðrum kosti skuli forsætisnefnd skipuð forseta bæjarstjórnar ásamt einum fulltrúa meirihluta bæjarstjórnar einum fulltrúa minnihluta bæjarstjórnar. Forseti bæjarstjórnar er formaður forsætisnefndar.

## II. kafli

### Fundir og starfshættir

#### 3. gr.

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs (bæjarritari) starfar fyrir forsætisnefnd og ber ábyrgð á að samþykktum ákvörðunum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd. Hann undirbýr fundi nefndarinnar, situr fundi hennar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

#### 4. gr.

Starfsmaður nefndarinnar boðar fundi í samráði við formann nefndarinnar.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmaet forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.

Fjöldi funda forsætisnefndar er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert en miða skal við að nefndin fundi tvisvar í mánuði en þó sjaldnar í leyfum bæjarstjórnar.

Formanni nefndarinnar er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

#### 5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar nefndarinnar getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess.

Nefndarfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur nefndarmanna er mættur á fundinn. Nefndin getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

#### **6. gr.**

Um fundarsköp og málsmeðferð í nefndinni, skv. IV. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010, fer eftir því sem við á skv. II. og III. kafla.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum.

Fundir nefndarinnar skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefndin boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

Bæjarfulltrúar geta óskað eftir...að sérstök mál verði sett á dagskrá bæjarstjórnarfunda í samráði við nefndina í samræmi við Sveitastjórnarlög **27. gr. Réttur til að bera upp mál.**

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis  $\frac{2}{3}$  hluta fundarmanna.

Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum.

#### **7. gr.**

Nefndin skal halda gerðarbók og kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

#### **8. gr.**

Forsætisnefnd skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir gæta þess að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

### **III. kafli**

#### **Hlutverk og markmið**

#### **9. gr.**

Verkefni forsætisnefndar bæjarstjórnar Kópavogsu eru eftirfarandi:

1. Skipuleggur starf bæjarstjórnar og dagskrá bæjarstjórnarfunda.
2. Fer yfir umræður bæjarstjórnar og leggur fram athugasemdir á næsta fundi bæjarstjórnar ef ástæða er til.
3. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi bæjarins.

4. Fjallar um tillögur á breytingum á samþykktum um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar og samþykktir fyrir einstakar nefndir.
5. Fjallar um starfskjör kjörinna fulltrúa og gerir tillögu til bæjarstjórnar þar um.
6. Fjallar um starfsaðstæður bæjarfulltrúa og gerir tillögur til bæjarstjórnar þar um.
7. Fjallar um álitamál er geta komið upp í málsmeðferðum í nefndarkerfi og bæjarstjórn Kópavogsbæjar.
8. Fjallar um önnur mál sem forseti leggur fyrir hana, aðrir nefndarmenn eða bæjarstjóri óskar að ræða.

#### **10. gr.**

Fundargerðir forsætisnefndar skulu lagðar fyrir bæjarstjórn.

#### **IV. kafli**

##### **Hæfi og skyldur nefndarmanna**

#### **11. gr.**

Forsætisnefnd skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni bæjarstjórnar Kópavogs að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt almenna hagsmuni bæjarfulltrúa ofar sérhagsmunum.

Að öðru vísast til samþykktar bæjarstjórnar frá 12. maí 2009, um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda.

#### **12. gr.**

Forsætisnefnd hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi stofnana Kópavogsbæjar. Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki bæjarins.

Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð bæjarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir innan embættismannakerfisins fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

Nefndin kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

#### **V. kafli**

##### **Gildistaka**

#### **13. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar 538/2010, sbr. br. 217/2011. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann 18. desember 2012 og tekur gildi 1. janúar 2013.